

Fundur 18.3.2024 Veringo Terix, forn frakki mervíkingur.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já komdu sæll og velkominn.*

Tala ég úr stórrí stjörnusambandsstöð, bjart og vona ég að við komum að öllum þeim atriðum sem stefnt var að, að fjalla um.

En það er mikil fjarlægð tímans, fjarlægð frá þeim atburðum sem gerðust þegar ég var á jörðinni.

Og mikið er ég þakklátur að fá tækifæri að tala við ykkur á gömlu jörðinni, því það er aðeins með hjálp margra tengiliða sem segja má að gíri niður sambandið og þekkja til frumlífs jarðanna.

Og óttumst við um afdrif ykkar jarðar ef miklar styrjaldir halda áfram og ef ekki verður saminn friður, en á þeim tíma þegar ég var uppi á jörðinni ykkar gömlu, sem ég kalla svo, þá áttu sér stað ýmsir atburðir sem lögðu grunninn að veldi lands míns og Evrópusambandinu.

Og þó má segja að sá grunnur sé enn eldri, en ýmis atvik urðu nálægt mínu tímaskeiði, þegar nokkurs konar örlaga þráður var ofinn fyrir atburði þá sem síðar urðu og tengjumst við einnig eldri atburðum.

Er ég að vona að með því að ég komi í sambandið, muni verða stigið eitt lítið skref í áttina að friði á milli trúar hópanna og valda hópanna í heiminum.

Og því miður eru svo margir atburðirnir sem ég ætlaði að segja frá hér í kvöld og verð þó að sleppa þeim flestum, en þetta er löngu grafið í fortíðinni og mannkynssaga ykkar fjallar ekki um nema fáeina atburði frá þessum tíma.

Og við höfum fyrir löngu lært að gæfa okkar þjóðar á þessum framlífs hnetti er ekki bundin stjórnmálaegum völdum okkar leiðtoga á okkar hnetti, heldur sambandinu við æðri verur eins og Guði og Gyðjur og sambandinu því sem tryggir samsvörun og samheldni hinna ótal mörgu lífheilda og hnatta og lífssviða, tilverusviða, þar sem nauðsynlegt er að stuðla að friði á ykkar jörð eins og annars staðar.

Og nauðsynlegt að skilja að öfl þau innan okkar þjóðar sem vilja stuðla að ófriði eru tengd í valda ættir sem hafa fengið þær upplýsingar að umskipti geti orðið á jörðinni ef vald Rússa nær að koma af stað stjórnmála breytingum á Vesturlöndum og er það þeim meiri ógn heldur en hernaðarleg árás þar sem efnahagskreppa er einnig undir liggjandi í ykkar heimshluta.

Og Evrópusambandið getur sjálft verið í hættu, er ég að tala um Macron sem er í okkar gamla landi, Frakklandi.

Var ég þar uppi á tímum Mervíkingana um 450 eftir Krist, og var það á miklum merkilegum tímum þar sem undur og stórmerki trúarbragðanna áttu sér stað.

Og er ætt okkar afkomendur Krists að hluta til og afkomendur forföður okkar sem var utan jarðar maður Merowitch og höfum við þó að mestu dáið út sem ætt á jörðinni.

En á þeim tíma sem ég var uppi á jörðinni voru frumkristnir söfnuðir styrktir af því sem þið kallið geimverur og með yfir náttúrulegan mátt og gátu framið kraftaverk til að sannfæra þá sem stóðu utan við þeirra trúfélög.

Og er það mjög merkileg saga hvernig konungar af okkar ættstofni snérust til trúar við Jahve og ýmislegt sem ekki kemur fram í sagnfræðibókunum, en svo ég geri langa sögu stutta, þá voru ýmsar galdraiðkanir einnig stundaðar á þeim tíma og ýmis svæði á landskíka okkar sem skipta miklu máli, get ég ekki farið út í það nánar.

En Evrópusambandið er með aðra fyrirætlun en margir halda og Rússland sömuleiðis undir öðrum andlegum áhrifum og barist er um heimsmyndir sem reynt er að koma á af ólíkum öflum.

En það er ósk okkar að friður verði saminn í Úkraínu og að ekki þurfi að koma til frekari styrjaldar og stigmögnunar, en því miður eru þessir atburðir í þagnargildi enn þá í fortíðinni og eru stórmerkilegir, undirstaða margs sem gerðist síðar.

Er ég hér kominn á mikla framfara jörð og hef verið lengi á slíkri framfara braut og eins og ég sagði af ættum Mervíkinga nafn mitt er Veringo Terix, var ég uppi ekki fjarri París og já var það ánægjulegt að ræða við ykkur.

Verð ég nú að slíta sambandi, þakka ég fyrir og verið þið sæl.

*Vertu blessaður og sæll.*